

## Orðtök 2 – verkefni

Tengdu saman það sem passar:

Þar hitti skrattinn ömmu sína.

Að hafa allar klær úti.

Að kaupa köttinn í sekknum.

Að vera uppi í skýjunum.

Liggja eins og ormur á gulli.

Að vita eitthvað upp á sína tíu fingur.

Að brjóta ísinn.

Að rekja úr einhverjum garnirnar.

Að safnast til feðra sinna.

Að hrökkva eða stökkva.

Vita eitthvað nákvæmlega.

Verða fyrstur til einhvers.

Að deyja.

Að yfirheyra einhvern.

Að beita öllum brögðum.

Að taka áhættu eða gefast upp.

Einhver slæmur hittir einhvern sem er verri.

Að vera mjög nískur.

Að vera mjög glaður.

Að kaupa eitthvað sem maður hefur ekki séð og þekkir ekki

**Skrifaðu setninguna upp og settu orðtak í stað undirstrikuðu orðanna – stundum þarftu að breyta setningunni meira.**

Ari beitti öllum brögðum til að safna fyrir nýjum síma.

Afi hennar Jónu dó í fyrradag.

Sara vissi nákvæmlega hvernig hún ætti að leysa verkefnið.

---

---

Lögregluþjónninn yfirheyrði mann sem grunaður var um afbrot.

---

---

Kári vissi ekki hvort hann ætti að taka áhættu eða gefast upp þegar honum var boðin ný vinna. \_\_\_\_\_

---

---

Fannar var fyrstur til að flytja ræðu í ræðukeppninni.

---

---

Ása er mjög nísk með sælgætið sitt.

---

---

Sigga var mjög glöð þegar mamma hennar bauð henni til útlanda.

---


---

Hvaða orðtak passar við myndina?

---

---

---



---


---

---

---

---

---



---

---

---

---

---

---

